



## 5. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 1. október 1999

### Dagskrá:

1. Kostnaðarskipting aðildafélaga og RSÍ v/funda og ráðstefnuhalds.
2. Kjaramálaraðstefnan.
3. Skipulagsmál ASÍ.
4. Fundir með Flugvirkjafélaginu.
5. Margmiðlunarskólinn og Prenttæknistofnun.
6. Fjölmíðlasambandið.
7. Önnur mál.

Fundur settur kl. 14:00

### 1. Kostnaðarskipting:

Farið var yfir fyrri samþykktir þar sem ákveðið var að ráðstefnur og fundir s.s. kjaramálaraðstefnan skuli kostaðar af RSÍ en aðildafélög sendi fulltrúa á sinn kostnað, þ.e. ferðir, gisting og fæðiskostnaður utan ráðstefna. Í þessari umræðu kom fram að allir fundir í dag væru haldnir á vegum RSÍ þannig að verulegur kostnaður hefði færst frá aðildarfélögum yfir á sambandið, annað hvort væri að breyta skiptingu félagsgjaldsins og stækka hlut sambandsins eða færa einhvern kostnað yfir á aðildarfélögin.

### 2. Kjaramálaraðstefnan.

Kynnt var dagskrá ráðstefnunnar

### 3. Skipulagsmál ASÍ.

Sagt var frá fundi framkvæmdastjórnar RSÍ og nefndar frá ASÍ sem samanstóð af forsetum, framkvæmdastjóra og lögmanni ASÍ. ASÍ fólkíð lagði fram hugmyndir um nýtt og breytt ASÍ, „Um stöðu og hlutverk heildarsamtaka launafólks á Íslandi”

### 4. Fundir með Flugvirkjafélaginu.

Stjórnarmenn í Flugvirkjafélaginu hafa óskað eftir upplýsingum um uppbyggingu RSÍ þar sem þeir þurfa að vista sig í einhverju landssambandi fyrir næsta ASÍ þing. Þeim var boðið til fundar.

### 5. Margmiðlunarskólinn og Prenttæknistofnun.

Sagt var frá samkomulagi við prentara um að hefja viðræður um hugsanlegt samstarf Margmiðlunarskólans sem er í eigu Rafiðnaðarskólans og Prenttæknistofnunar. Formlegir fundir um þessi mál verða í næstu viku.

### 6. Fjölmíðlasambandið

Nokkur kurr er vegna ásóknar VR félaga í sumarhús okkar, þar sem þeir bera fyrir sig samninga Fjölmíðlasambandsins. Samþ. að senda VR bréf þar sem farið væri yfir hvaða samkomulag var gert innan Fjölmíðlasambandsins

#### **7. Önnur mál.**

Lagt var fram bréf frá Rafiðnarsambandi Zimbabwe þar sem þeir óska eftir einhverju samstarfi. Ákveðið var að senda helstu upplýsingar um RSÍ til þeirra.

Lagt var fram bréf frá Fjölbrautaskóla Norðurlands þar sem bent er á að skólinn átti 20 ára afmæli 22. september. Af því tilefni var ákveðið að senda rafiðnaðardeildinni mælitæki að gjöf.

Svar við Opnu bréfi stjórnenda Ísal var kynnt.

Greinargerð frá Orkustofnun um neysluvatn fyrir orlofsbyggðina í Svignaskarði var kynnt.

Fundi slitið kl. 16:30. Haukur Ágústsson.